

# Vátryggingaútbod

**á lögbundnum, samningsbundnum og  
frjálsum vátryggingum Akraneskaupstað og  
tengdra aðila.**

**Vátryggingaútbod Akraneskaupstaðar 2019**

## Efnisyfirlit

<b>1. Útboð</b>	<b>2</b>
<b>2. Almenn lýsing á núverandi starfsemi</b>	<b>2</b>
2.1 Almennt	2
2.2 Starfsemi Akraneskaupstaðar	3
2.3 Stofnanir Akraneskaupstaðar	3
<b>3. Útboðslýsing</b>	<b>3</b>
3.1 Útboðsform og yfirlit.	3
3.2 Útboðsgögn	4
3.3 Skýringar á útboðsgögnum	4
3.4 Framsetning tilboða	4
3.5 Tungumál	5
3.6 Fylgigögn með tilboði	5
3.7 Afhending tilboða	5
3.8 Opnun tilboða	5
3.9 Frávikstilboð	6
3.10 Afturköllun tilboðs	6
3.11 Hverjir mega bjóða í þjónustuna	6
<b>4. Almennir skilmálar</b>	<b>6</b>
4.1 Persónulegar aðstæður bjóðenda	6
4.2 Fjárhagsstaða bjóðanda	7
4.3 Lögbundnar tryggingar og gjöld	7
4.4 Samningur	7
4.5 Verðlagsgrundvöllur	7
4.6 Vátryggingartímabil, gjalldagar og greiðslur	8
4.7 Upplýsingar á síðari stigum	8
4.8 Samskipti á samningstíma	8
4.9 Ágreiningsmál	8
4.10 Vannefndir og uppsögn	8
4.11 Framsal réttinda	9
<b>5. Umfang trygginga og þjónustu</b>	<b>9</b>
5.1 Brunatryggingar húseigna	9
5.2 Húseigendatryggingar	10
5.3 Lausafjártryggingar	10
5.4 Ökutækjatrýggingar	11
5.5 Frjáls ábyrgðartrygging	11
5.6 Slysatrygging launþega	12
5.7 Persónutryggingar	12
5.8 Sjúklingatrygging	13
5.9 Líftryggingar slökkviliðsmanna	13
5.10 Tjónaþjónusta	13
5.11 Forvarnir	13
<b>6. Tilboðsgerð og mat á tilboðum</b>	<b>14</b>
6.1 Um bjóðanda	14
6.2 Verðtilboð	14
6.3 Mat á verðtilboðum/val á samningsaðila	15

## 1. Útboð

Akraneskaupstaður óskar eftir tilboðum í váttryggingaþjónustu fyrir sveitarfélagið og tengda aðila. Þau atriði sem hér eru boðin út eru nánar skilgreind í verklýsingu og sundurliðuðu tilboðsskjali (Skilablað váttryggingaútboðs Akraneskaupstaðar 2019).

Verk þetta nefnist:

### Váttryggingaútboð Akraneskaupstaðar 2019

Tilboð skal gera á meðfylgjandi skilablað og fylla skal út meðfylgjandi tilboðsskjal. Auk þess skal skila með tilboði öllum öðrum umbeðnum upplýsingum. Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skila á íslensku.

#### Umsjónaraðili útboðsins er:

Consello ehf, váttryggingarráðgjöf,

Álfabakka 14, 109 Reykjavík.

Sími: 568-5450

Umsjón: Guðmundur Marinó Ásgrímsson, verkefnastjóri.

Netfang: [gudmundurm@consello.is](mailto:gudmundurm@consello.is)

Ábyrgðaraðili útboð f.h. Akraneskaupstaðar er :

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri

Netfang: [saevar.freyr.thrainsson@akranes.is](mailto:saevar.freyr.thrainsson@akranes.is)

**Fyrirspurnir skulu sendar á [gudmundurm@consello.is](mailto:gudmundurm@consello.is)**

Tilboð skal gert í samræmi við útboðslýsingu þessa ásamt gögnum sem þar er vísað til.

## 2 Almenn lýsing á núverandi starfsemi

### 2.1 Almennt

Almennar skyldur Akraneskaupstaðar eru að annast þau verkefni sem sveitarfélaginu eru falin skv. lögum. Bæjarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins með vísan til sveitarstjórnalaga nr. 138/2011 svo og annarra laga eftir því sem við á. Hún hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna og um framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast að svo miklu leyti sem ekki eru settar um það reglur í löggjöf. Bæjarstjórnina skipa 9 bæjarfulltrúar. Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður til þess að annast framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar.

## 2.2 Starfsemi Akraneskaupstaðar

Ársreikning Akraneskaupstaðar fyrir árið 2017 og fjárhagsáætlanir er hægt að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

<https://www.akranes.is/stjornsysla/fjarmal/fjarhagsaaetlun>

<https://www.akranes.is/stjornsysla/fjarmal/arsreikningar>

## 2.3 Stofnanir Akraneskaupstaðar

Vísun til „Akraneskaupstaðar“ og „sveitafélagsins“ skal í útboðslýsingu þessarar túlkuð sem tilvísun til Akraneskaupstaðar, kt. 410169-4449 og stofnanna þess nema annað megi skilja af samhengi textans. Til stofnanna sveitarfélagsins teljast hér eftirfarandi aðilar:

Kennitala	Heiti
630905-1330	Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf
640805-0640	Fasteignafélag Akraness ehf
530959-0159	Byggðasafnið í Görðum
500576-0229	Dvalarheimilið Höfði

## 3. Útboðslýsing.

### 3.1 Útboðsform og yfirlit

Útboðið er almennt opið útboð. Tilboð skulu vera á íslensku. Helstu upplýsingar um tímasetningar og framkvæmd útboðsins eru eftirfarandi:

- EES útboð
  - Já
- Opið útboð
  - Já
- Auglýsingar
  - Á TED (EES), á útboðsvefnum, heimasíðu og fréttamiðlum
- Fyrirspurnarfrestur útrunninn
  - 15 dögum fyrir opnun útboðs
- Svarfrestur útrunninn
  - 6 dögum fyrir opnun útboðs
- Skilafrestur/opnun tilboða
  - Þriðjudagurinn 14.5.19 kl.12:00
- Opnunarstaður tilboða
  - Bæjarskrifstofu, Stillholti 16-18, Akraneskaupstað
- Tillaga lögð fyrir bæjarráð
  - 30.5.19
- Gildistími tilboða
  - 6 vikur eftir opnun.
- Samningstími
  - 1.7.2019 til 31.12.2021 með möguleika á framlengingu tvisvar sinnum í eitt ár í senn.

### 3.2. Útboðsgögn

- Útboðslýsing
- Tilboðsskjal, merkt „Skilablað váttryggingaútboðs Akraneskaupstaðar 2019“. Í tilboðsskjali er einnig að finna tjónayfirlit og tilboðsblað.
- Útboðsgögn byggja á lögum nr. 65/1993 um framkvæmd útboða.

### 3.3. Skýringar á útboðsgögnum

Verði bjóðandi var við ósamræmi í útboðsgögnum eða þarfnast nánari skýringa skal bjóðandi senda fyrirspurn í tölvupósti til umsjónaraðila útboðs (sjá grein 1.) merкта:

#### „Váttryggingaútboð Akraneskaupstaðar 2019“

Fyrirspurnir þurfa að hafa borist skriflega til umsjónaraðila útboðsins eigi síðar en 9 sólarhringum fyrir opnun tilboða. (sbr. grein 3.1). Fyrirspurnum **verður ekki svarað** í síma né með öðrum hætti en að ofan greinir. Verkkaupa er heimilt að gera breytingar á útboðsgögnum með því að gefa út viðauka við þau. Spurningar sem berast á fyrirspurnartíma og svör við þeim verða send öllum sem hafa fengið útboðsgögn, í tölvupósti eigi síðar en 6. sólarhringum fyrir opnun tilboða (sbr. gr. 3.1). Fyrirspurnir og svör við þeim sem og viðaukar eru hluti af útboðsgögnum.

### 3.4. Framsetning tilboða

Tilboð skulu gerð í allt verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum.

Tilboð skulu sett fram á meðfylgjandi tilboðsskjali sem merkt er „Skilablað váttryggingaútboðs Akraneskaupstaðar 2019“ dagsettu og undirrituðu af aðila sem hefur heimild til þess að skuldbinda bjóðanda. Tilboðinu ásamt skilablaði og fylgigögnum skal skila á bæði pappír og USB minnislykli.

Eftirtalin skjöl skulu afhent skriflega:

- Tilboðsblað
- Tilboðsskjal – samantekt.
- Tilboðsskjal – Brunatryggingar.
- Tilboðsskjal – Húseigendatryggingar.
- Tilboðsskjal – Lausafjártryggingar.
- Tilboðsskjal – Ökutækjatrýggingar.
- Tilboðsskjal – Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar
- Tilboðsskjal – Slysatrýgging launþega.
- Tilboðsskjal – Persónu- og slysatrýggingar
- Tilboðsskjal – Tjónasaga.
- Tilboðsskjal – Yfirlýsing um hæfi
- Tillögur að forvarnaráætlun
- Tillögur að opnunartíma á starfsstöð

Fylla skal út tilboðsskjal eins og texti segir til um. Sé tilboðsskjal ekki að fullu útfyllt áskilur kaupandi sér rétt til að hafna tilboði. Hafi bjóðandi breytt tilboðsblöðum, felld niður línur eða bætt línur við tilboðsskrána kemur það ekki fram við yfirferð, enda er slíkt óheimilt.

Kaupandi áskilur sér rétt til að líta á slík tilboð sem gild enda teljast þá útfylltir/niðurfelldir liðir í tilboðskrá innifaldir í öðrum liðum.

Við mat á tilboðum áskilur kaupandi sér rétt til að fella einstaka liði úr ákveðnum tryggingarflokkum ásamt því að breyta váttryggingafjárhæðum ef þörf þykir, þó ekki lögboðnar tryggingar.

**Ef reiknivillur eða ósamræmi er í tilboði, ræður það verð/afsláttarprósenta sem fram kemur á tilboðsblöðum og skal tilboð leiðrétt með tilliti til þess.**

### 3.5. Tungumál

Allar upplýsingar lagðar fram af bjóðendum skulu vera á íslensku.

### 3.6. Fylgigögn með tilboði

Bjóðandi skal skila með tilboði sínu gögnum samkvæmt eftirfarandi lýsingu. Athygli skal vakin á að kaupandi áskilur sér rétt til að ganga ekki til samninga við bjóðanda sem ekki leggur fram neðangreindar upplýsingar:

- Tryggingaskilmálar, lýsing á öllum þeim ákvæðum sem fylgja hverri tryggingu.
- Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess.
- Nafn, heimilisfang, kennitala og stofndagur fyrirtækis.
- Nöfn eigenda og stjórnarmanna.
- Upplýsingar um endurtryggjendur.
- Yfirlýsingu FME um að seljandi uppfylli skilyrði laga um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010 um starfsleyfi á Íslandi og greiðsluhæfi.

Kaupandi metur tilboð bjóðanda m.a. af ofangreindum upplýsingum og eru þær bindandi fyrir þann bjóðanda sem samið verður við og honum óheimilt að víkja frá þeim án samþykkis kaupanda.

**Allar upplýsingar frá bjóðendum eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál ef bjóðandi óskar þess.**

### 3.7. Afhending tilboða

Undirrituðum tilboðum skal skilað á pappír og afriti á rafrænu formi (minniskubbi) sjá gr. 3.1, í lokuðu umslagi greinilega merktu viðkomandi útboði og bjóðanda, þannig:

#### Váttryggingaútbóð Akraneskaupstaðar 2019

#### Tilboð í váttryggingar

Nafn og aðsetur bjóðenda skal einnig koma fram á umslaginu.

Heimilt er að skila tilboðum með tölvupósti á opunarstað tilboða, ef þau berast áður en skilafrestur tilboða rennur út enda hafi öll gögn, sem fylgja eiga tilboði, verið póstlögð með ábyrgðarsendingu a.m.k. degi áður en opnun tilboða fer fram. Til að slíkt teljist gilt skal fylgja myndsendingu staðfesting póststöðvar á móttöku ábyrgðarsendingar. Bjóðandi ber alla ábyrgð á að öll gögn berist á réttan hátt og á tilsettum tíma sem og að rafræn gögn séu fullnægjandi.

### 3.8. Opnun tilboða

Tilboðum ásamt umbeðnum upplýsingum skal skila í samræmi við fyrirmæli í kafla 3.1. Tilboð sem berast eftir þann tíma verða ekki opnuð né tekin til greina og verður þ.a.l. hafnað. Tilboð verða opnuð í viðurvist bjóðenda sem þess óska og verða þar lesnar upp eftirfarandi upplýsingar frá tilboðsblöðum.

- Nafn bjóðanda
- Samtals heildartilboðsupphæð.

Tilboð bjóðenda skulu gilda samkv. gr. 3.1 eftir opnun þeirra.

### 3.9. Frávikstilboð

Frávikstilboð eru ekki leyfð.

### 3.10. Afturköllun tilboðs

Bjóðandi geta afturkallað tilboð sitt áður en tilboð eru opnuð, enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafntryggum hætti.

### 3.11. Hverjir mega bjóða í þjónustuna

Útboð þetta er opið, þ.e. almennt útboð þar sem ótilteknum fjölda váttryggjenda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð í þessu útboði.

## 4. Almennir skilmálar.

Hæfi bjóðanda veður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum svo og annarra þeirra upplýsinga sem Akraneskaupstaður kann að óska eftir.

### 4.1. Persónulegar aðstæður bjóðanda

Sjá kafla 3.6 um aðrar upplýsingar sem bjóðandi skal skila með tilboði.

Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda. Kaupandi áskilur sér rétt til að kanna réttmæti upplýsinga með því að beina fyrirspurn til þar til bærra yfirvalda.

Kaupandi mun kanna fjárhag þeirra bjóðenda sem til álita koma og skulu bjóðendur leggja fram með tilboði sínu eftirtalin gögn:

- a) Tvo síðustu ársreikninga félagsins yfirfarna og áritaða af endurskoðanda.
- b) Nýjasta endurskoðaða hlutaársuppgjör félagsins.
- c) Yfirlýsingu frá viðkomandi aðilum um að bjóðandi standi í skilum með lífeyrissjóðsgjöld og opinber gjöld.

Ef eitt eða fleiri af eftirtöldum atriðum á við bjóðanda verður ekki gengið til samninga við hann:

- Þú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðarsamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfsemi sinni.
- Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í rekstri sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
- Fyrirtæki er í vanskilum með lífeyrissjóðaiðgjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- Fyrirtæki er í vanskilum með opinber gjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

#### 4.2. Fjárhagsstaða bjóðanda

Að öllu jöfnu er ekki gengið til samninga við bjóðanda ef ársreikningar hans sýna neikvæða eiginfjárstöðu. Þó er heimilt að gera undantekningu á þessu, enda liggi fyrir við gerð samnings staðfesting þess í formi árshlutareikninga eða yfirlýsingu löggilts endurskoðanda byggðri á upplýsingum um efnahag bjóðanda, að eigið fé bjóðandans sé jákvætt.

#### 4.3. Lögbundnar tryggingar og gjöld

Brunatryggingar fasteigna er lögboðnar samkvæmt lögum nr 48/1994 og reglugerð nr. 809/2000.

Í skilablaði skal bjóðandi annars vegar tilgreina váttryggingariðgjald hvernar eignar sem hann innheimtir og heldur eftir og hins vegar öll gjöld sem váttryggjendum er skylt að innheimta samkvæmt lögum.

#### 4.4. Samningur

Gerður verður skriflegur samningur sem byggist á útboðslýsingu við það váttryggingarfélag sem valið verður.

#### 4.5. Verðlagsgrundvöllur

Tilboð skal innifela allan þann kostnað og gjöld sem hljótast af verkinu, hverju nafni sem þau nefnast. Samningsupphæðir eru án virðisaukaskatts

Við árlega endurnýjun trygginga skal notast við eftirfarandi viðmið.

##### Tryggingategund.

##### Viðmið.

- |                        |  |
|------------------------|--|
| • Brunatryggingar      | Brunabótamat húseignarinnar.                       |
| • Lausafjártryggingar  | Vísitala neysluverðs.                              |
| • Húseigendatryggingar | Brunabótamat húseignarinnar.                       |
| • Ökutækjatrýggingar   | Vísitala neysluverðs.                              |
| • Slysatrýggingar      | Vísitala neysluverðs                               |
| • Ábyrgðartrygging     | Miða skal við laun, tæki og brunabótamat húseigna. |

Tilboðsupphæð tilboðs skal gilda fyrir árið 2019, eftir það verðbætist tilboðsupphæð þar sem það á við, 1. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 1. janúar 2020, gildir sú upphæð út árið.



Í tilboðsblaði eru listar yfir tæki/eignir/launþega/ábyrgðir og munu þeir taka breytingum á samningstímabilinu.

Akraneskaupstaður skal njóta sömu kjara vegna nýrra trygginga og tilboð bjóðanda gerir ráð fyrir.

#### 4.6. Vátryggingatímabil, gjalddagar og greiðslur

Vátryggingatímabil allra trygginga skal vera frá 1. janúar til 31. desember.

Verðbætt tilboðsupphæð 1. janúar ár hvert greiðist með einni greiðslu.

Eindagi 1.febrúar ár hvert.

#### 4.7. Upplýsingar á síðari stigum

Þegar mat á gildi tilboða liggur fyrir, áskilur verkkaupi sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum fá þeim aðilum sem skiluðu inn gildum tilboðum.

#### 4.8. Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur mun kaupandi skipa fulltrúa sinn til að annast samskipti við seljanda á samningstímanum. Hlutverk hans verður að hafa eftirlit með því, fyrir hönd kaupanda, að verkefnið sé framkvæmt samkvæmt ákvæðum samningsins. Seljandi skal einnig annast mat á ábyrgð Akraneskaupstaðar gagnvart þriðja aðila í öllu tjonakröfum, samanber kafla 5.10.

Kaupanda er heimilt að óska eftir breytingum á verkefninu og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Allar óskir um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins. Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda.

#### 4.9. Ágreiningsmál

Komi upp ágreiningur um framkvæmd samningsins á samningstímanum skal hvor aðili um sig tilnefna einn aðila og skulu þeir tveir leitast við að leysa úr ágreiningnum. Reynist nauðsynlegt að höfða mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

#### 4.10. Vanefndir og uppsögn

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur, rifta samningi eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt reglum skaðabótaréttar.

Kaupanda er heimilt að rifta samningi án fyrirvara leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar, verði úrskurðaður gjaldþrota á samningstímanum eða ef gert er árangurslaus fjárnám hjá seljanda. Uppfylli seljandi ekki lengur skilyrði laga um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 um starfsleyfi á Íslandi er kaupanda heimilt að rifta samningi án fyrirvara.

Breyti seljandi skilmálum váttrygginga á samningstímanum áskilur kaupandi sér rétt til að rifta samningi án fyrirvara.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi með eins (1) mánaðar fyrirvara.

#### 4.11. Framsal réttinda

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt útboði þessu nema með skriflegu samþykki kaupanda.

## 5. *Umfang trygginga og þjónustu*

Útboð þetta nær til eftirfarandi trygginga:

- A. Lög- og samningsbundnar tryggingar:
  - a. Brunatrygging fasteigna.
  - b. Ábyrgðartrygging ökutækja.
  - c. Slysatrygging launþega.
  
- B. Aðrar tryggingar.
  - a. Húseigendatryggingar.
  - b. Lausafjártryggingar.
  - c. Kaskótryggingar ökutækja
  - d. Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
  - e. Slysatryggingar
  - f. Slysatryggingar barna til 18 ára aldurs í skóla- og tómstundastarfi.
  - g. Hópslysatryggingar
  - h. Sjúklingatryggingar
  - i. Líftryggingar slökkviliðsmanna

Seljandi skal miða við þær forsendur sem gefnar eru um eigin áhættu við útreikning á iðgjöldum í tilboðsskjali.

### 5.1. Brunatryggingar húseigna

Óskað er eftir tilboði í brunatryggingar fyrir fasteignir í eigu Akraneskaupstaðar og stofnana sem hafa staðfest brunabótamat hjá Fasteignaskrá Íslands sbr. lög um brunatryggingar nr. 48/1994, samanber tilboðsskjal.

Heildarverðmæti fasteignanna samkvæmt staðfestu brunabótamati 1.1.2019:

- 13.352.917.000.-

Fjöldi:

- 61

## 5.2. Húseigendatrygging

Óskað er eftir tilboði í húseigendatryggingar fyrir tilgreindar fasteignir, samanber tilboðsskjal. Tryggingin skal að lágmarki innihalda vatnstjónstryggingu, ábyrgðartryggingu, innbrotstryggingu, glertryggingu ásamt fok- og óveðurstryggingu.

Samanlagt brunabótamat umræddra húseigna er (miðað við 1.1.19):

Eignir skiptast í atvinnuhúsnæði og íbúðir og skulu tryggðar eftir því.

- 11.794.265.000.-
- Fjöldi:
- 29

Eignir skiptast í atvinnuhúsnæði og íbúðir og skulu tryggðar eftir því.

### Eigin áhætta

Íbúðar- og atvinnuhúsnæði:

- Eigin áhætta í vatnstjónum skal vera kr. 300.000.
- Ábyrgðartrygging 10% (lágmark 25.000, hámark 270.000)
- Glertrygging 20% (lágmark 25.000, hámark 115.000)
- Annað 10%

### Ábyrgðartrygging fasteigna:

Þær fasteignir sem eru ekki með húseigendatryggingu verði settar undir ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar.

## 5.3. Lausafjártryggingar

Óskað er eftir tilboði í lausafjártryggingar fyrir lausafé í eigu sveitarfélagsins. Lausafé skal að lágmarki vera tryggt fyrir bruna, innbrotspjófnaði og vatnsskaða nema að annað sé tekið fram.

Gert skal ráð fyrir að allir munir sem talist geta til lausafjár falli undir trygginguna.

Þá skal gera ráð fyrir árlegri endurskoðun tryggingaverðmætis í tengslum við uppfærslu eignarskrár. Við upphaf hvers váttryggingartímabils skal váttryggjandi leggja til vinnu sérfræðings sem fer yfir eignaskrá m.t.t. nýs lausafjár, affalla og fyrninga, tryggingataka að kostnaðarlausu.

Eignatrygging þessi tekur til tjóna á lausafé tryggingartaka, enda þótt það sé ekki á þeim stað sem tilgreindur er í skránni.

Eignatryggingin tekur jafnframt til nýs lausafjár, sem tryggingartaki eignast á váttryggingartímabilinu, enda þótt hann tilkynni ekki félaginu slíkar viðbætur.

Áætlað heildarverðmæti lausafjár er talið upp hér að neðan og er hreinsun eftir tjón og uppsetning innifalið í þeim tölum.

- 2.148.432.000.-

Eigin áhætta tryggingartaka í hverju tjóni er 10%, þó að lágmarki kr.45.000 og að hámarki kr. 300.000

Trygging á fartölvum nær til notkunar þeirra hvar sem er.

#### 5.4. Ökutækjategyggingar

Óskað er eftir tilboði tryggingar vegna ökutækja samkvæmt tilboðsskjali. Gert skal ráð fyrir að ökutækjæign sé breytileg og að sveitarfélagið skuli njóta sömu kjara vegna ökutækja sem bætast í eigu sveitarfélagsins.

Samtals eru 17 ökutæki í ábyrgðartryggingu ökutækja.

- **Ábyrgðartrygging ökutækja**

Óskað er eftir lögbundnum ábyrgðartryggingum sbr. XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987 fyrir bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki í eigu Akraneskaupstaðar samkvæmt tilboðsskjali.

- **Framrúðutryggingar ökutækja**

Óskað er eftir tilboði í framrúðutryggingar fyrir þær bifreiðar sem eru með ábyrgðartryggingu, fyrir og tilgreindar eru sérstaklega í gagnaskjali.

- **Kaskótrygging ökutækja**

Óskað er eftir tilboði í kaskótryggingar fyrir þær bifreiðar sem eru með ábyrgðartryggingu, fyrir og tilgreindar eru sérstaklega í gagnaskjali.

#### 5.5. Frjáls ábyrgðartrygging

Óskað er eftir tilboði í ábyrgðartryggingar vegna rekstrar sveitarfélagsins sem ná til hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar vegna tjóns þriðja aðila af starfseminni eða fasteignum, öðrum mannvirkjum eins og t.d. höfnum og lagnakerfi veitna, óskráðum vinnuvélum og tækjum í eigu eða umsjón sveitarfélagsins og sem notuð eru í eðlilegri starfsemi á vegum þess.

Tryggingin skal auk þess sem upp er talið í tilboðsskjali, ná til leik- og íþróttatækja á leik- og íþróttasvæðum, gatna, gangstétta, gangstíga og sambærilegra mannvirkja sem eru á vegum sveitarfélagsins og sveitarfélagið sér um viðhald á.

Tryggingin skal ná til skaðabóta vegna líkamstjóns eða munatjóns sem kunna að falla á sveitarfélagið eða stofnanir þess samkvæmt íslenskum lögum.

Í tilboðsskjali verður að finna lista yfir fasteignir, vinnuvélar og tæki sem falla eiga undir ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar. Þar er einnig að finna yfirlit yfir launagreiðslur án launatengdra gjalda fyrir 2018 sem gefið getur yfirsýn yfir umfang starfseminnar.

Rekstur sveitarfélagsins er tryggður ábyrgðartryggingu vegna atvinnurekstrar sem nemur allt að kr. 300.000.000.-

Launagreiðslur án launatengdra gjalda 2018 eru:

5.241.200.000.-

Í tilboðsskjali verður að finna lista yfir fasteignir, vinnuvélar og tæki sem falla eiga undir ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar.

Hundar og kettir með leyfi 400

#### **Eigin áhætta í hverju tjóni skal vera**

Akranes: 10% en þó að lágmarki um kr. 1.100.000 og að hámarki kr. 1.600.000.

Höfði: 15% í hverju tjóni, þó minnst kr. 104.000 og mest kr. 1.040.000.

## 5.6. Slysaftrygging launþega

Allt starfsfólk sem er á launaskrá skal tryggt slysaftryggingu launþega í samræmi við ákvæði kjarasamninga, sbr. tilboðsskrá.

Iðgjaldagrundvöllurinn er vinnuvikur starfsmanna á launaskrá. Allar breytingar á starfsmannaskrá á vaftryggingartímabilinu falla undir þessa vaftryggingu.

Slökkviliðsmenn í hlutastarfi eru aðeins tryggðir á meðan þeir eru í starfi, æfingu og í keyrslu til og frá vinnu.

Trygging á persónulegum munum starfsmanna er innifalin.

Fjöldi starfsmanna miðast við desember 2018.

- 27.887 vikur

## 5.7. Persónuftryggingar

### 1. Almenna slysaftryggingu

Óskað er eftir tilboði í almenna slysaftryggingu fyrir 9 bæjarfulltrúa og 7 formenn fastanefnda. Tryggingin skal ná til kjörinna varamanna sem leysa bæjarfulltrúa og formenn fastanefnda af í forföllum eða orlofi frá störfum. Þessir aðilar skulu vera tryggðir við störf á vegum sveitarfélagsins, þar með talið á ferðalögum á vegum þess. Tryggingin gildir þó ekki ef viðkomandi er fyrir slysaftryggður á vegum sveitarfélagsins sem launþegi eða embættismaður. Dánar-, örorku- og vikulegar bætur eru teknar fram í tilboðskjali.

Vaftryggingafjárhæðir í tilboðsskjali miða við verðlag í desember 2018 en skulu uppreiknast miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs fram til og frá og með upphafi gildistíma samnings.

Almenn slysaftrygging fyrir:

9 bæjarfulltrúa og varamenn þeirra.

27 Formenn fastanefnda og varamenn þeirra.

### 2. Slysaftryggingar barna í skóla- og tómsfundastarfi.

Óskað er eftir tilboði í slysaftryggingu skólabarna. Tryggingin skal ná til allra skólabarna sem eru skráð í grunnskóla, leikskóla og tónlistaskóla í sveitarfélaginu enda séu þessar stofnanir reknar af sveitarfélaginu einu eða í samvinnu við aðra. Aldur skólabarnsins skal ekki skipta máli. Þá skal tryggingin ná til slysa sem börn verða fyrir í tilgreindri skipulagðri starfsemi á vegum sveitarfélagsins. Tryggingin skal ná til þess tíma sem skólabörnin sækja starfsemi sem og á eðlilegri leið til og frá heimili.

Vaftryggingafjárhæðir í tilboðsskjali miða við verðlag í desember 2018 en skulu uppreiknast miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs fram til og frá og með upphafi gildistíma samnings.

#### SÉRSAMDIR SKILMÁLAR:

Innifalið í vaftryggingu þessari er slysakostnaður vegna slysa sem bótaskyld eru úr vaftryggingunni, Hámarksbætur í hverju slysi eru kr. 400.000.

Eigin áhætta vegna slysakostnaðar í hverju tjóni er kr. 15.000

Engin eigin áhætta vegna tannbrota

Vátrygging þessi gildir vegna grunn- og leikskólanemenda á meðan á ábyrgð vátryggingartaka vegna skóladvalar þeirra stendur, jafnt sem og í skipulögðu námi, ferðum og/eða viðburðum á ábyrgð vátryggingartaka.

Vátryggingin gildir jafnframt á eðlilegri leið nemenda til og frá skóla, þó ekki í þeim tilvikum þar sem nemendur eiga slysabótarétt úr lögboðnum ábyrgðartryggingum.

Fjöldi barna er:

• Leikskólabörn	442
• Grunnskólabörn	1097
• Ungmennir í frjálsum félagasamtökum	1042
• Skólabörn 16-18 ára	289

### 5.8. Sjúklingatrygging

Óskað er eftir tilboði í sjúklingatryggingu vegna starfsemi dvalar- og hjúkrunarheimilanna. Í tilboðsskrá eru upplýsingar um stöðuheiti og stöðugildafjölda þeirra sem skulu tryggðir en vátryggingin nær til bótaskyldu samkvæmt lögum nr. 111/2000 ásamt áorðnum breytingum sem og reglugerð nr. 763/2000 ásamt áorðnum breytingum.

### 5.9. Líftryggingar slökkviliðsmanna

Slökkviliðsmenn í fullu starfi skulu vera líftryggðir samkvæmt kjarasamningi.

### 5.10. Tjónaþjónusta

Seljandi skal sjá um alla tjónaþjónustu við og fyrir hönd kaupanda. Þetta á jafnt við gagnvart starfsmönnum, stofnunum og viðskiptavinum sem og hvort sem kröfur falli undir sjálfsábyrgð eða ekki. Skal þetta vera sveitarfélaginu að kostnaðarlausu.

### 5.11. Forvarnir

Sveitarfélagið telur mikilvægt að nýta sér sérþekkingu tryggingarféлага á öllum sviðum forvarna.

Því er í þessu útboði leitað eftir skriflegum hugmyndum tilboðsgjafa um með hvaða hætti hann getur lagt fram þekkingu t.d í formi fræðslu þ.m.t. útfærslu á verkferlum eða hverra annarra leiða á sviði forvarna, sem leitt getur til öruggari starfsemi sveitarfélagsins í framtíðinni. Gert er ráð fyrir að slík aðkoma bjóðanda, bæði hvað varðar fræðslu og aðra aðkomu verði veitt árlega eða eftir því sem samkomulag verður um og sé sveitarfélaginu og starfsmönnum þess algjörlega að kostnaðarlausu.

Þessar tillögur skulu vera ítarlegar og greina frá helstu hugmyndum bjóðanda ásamt því hvernig hann hyggst nálgast þetta verkefni.

## 6. Tilboðsgerð og mat á tilboðum

### 6.1. Um bjóðanda

Sveitarfélagið, setur það sem skilyrði fyrir töku tilboða að viðkomandi bjóðandi sem samið verður við uppfylli eftirfarandi skilyrði:

1. Bjóðandi starfrækir starfsstöð á Íslandi með a.m.k. tíu starfsmönnum sem hafa reynslu af váttryggingarstarfsemi, tjónamati og uppgjörum tjóna.
2. Bjóðandi tilgreinir tvo starfsmenn sem skulu hafa sérþekkingu á tryggingum sveitarfélagsins.
3. Bjóðandi starfræki starfsstöð á Akranesi með starfsmanni a.m.k. 16 tíma á viku. Starfstöð á Akranesi skuli að lágmarki vera komin 6.mánuðum eftir að samningur er undirritaður við viðkomandi bjóðanda um verkið.

*Sveitarfélagið hefur ríkum skyldum að gegna gagnvart íbúum sínum og verður að mæta mismunandi þörfum þeirra. Eins og ljóst má vera af útboðsgögnum mun fjölbreyttur hópur einstaklinga njóta tryggingaverndar á grundvelli þeirra váttrygginga sem sveitarfélagið ætlar sér að kaupa, þ.á m. einstaklingar sem geta verið í viðkvæmri stöðu, s.s. fatlaðir og eldri borgarar. Sveitarfélagið telur þýðingarmikið að þeir sem njóta váttrygginga sveitarfélagsins geti nýtt sér hefðbundna nærþjónustu ef það verður fyrir tjóni sem mögulega er á ábyrgð sveitarfélagsins, s.s. með því að tilkynna tjónið og afla almennra upplýsinga frá váttryggingarfélaginu. Ekki væri við hæfi, að mati sveitarfélagsins, að gera þá kröfu að allir sem njóta verndar á grundvelli váttrygginganna tilkynni um tjón eða afli sér annarra upplýsinga með rafrænum hætti eða geri sér ferð í annað sveitarfélag til þess.*

4. Bjóðandi starfrækir tjónavakt og tilgreinir símanúmer sem starfsfólk sveitarfélagsins geti hringt í utan opnunartíma ef mikið liggur við að tilkynna tjón og fá matsmann á tjónsvettvang.

Með þessum hætti hefur kaupandi og viðskiptamenn hans gott aðgengi að þjónustu með beinum og óbeinum hætti og tryggir sér þannig nauðsynleg og skilvirk samskipti.

Við mat á tilboðum áskilur kaupandi sér rétt til að fella einstaka liði úr ákveðnum tryggingarflokkum ásamt því að breyta váttryggingafjárhæðum ef þörf þykir, þó ekki lögboðnar tryggingar.

### 6.2. Verðtilboð

Óskað er eftir að bjóðendur leggi fram verðtilboð í meðfylgjandi tilboðsskjali miðað við þær upplýsingar sem þar eru gefnar.

- Ef um annan kostnað er að ræða en þann sem óskað er eftir í tilboðsskjalinu skal hann tilgreindur sérstaklega í tilboði. Þó þarf ekki að tiltaka opinber gjöld.
- Tilboðum skal skila í meðfylgjandi tilboðsskjali. Tilboð skulu miðast við þær magntölur sem þar koma fram.

- Þessar magntölur eru skv. tilboðsskjali sem fylgir útboðsgögnum og eru lýsandi fyrir það magn váttrygginga sem sveitarfélagið þarfnast nú. **Þessar tölur geta þó tekið einhverjum breytingum áður en nýr samningur um váttryggingar verður undirritaður.**

### 6.3. Mat á verðtilboðum/val á samningsaðila

Sveitarfélagið áskilur sér allan rétt til að taka því boði sem er hagkvæmast að mati bæjarfélagsins hvað varðar verð og/eða aðra skilmála/valkosti útboðsins.

Tilboðin verða metin af sveitarfélaginu. Eftirfarandi atriði verða höfð til hliðsjónar við mat á fjárhagslega hagkvæmasta tilboði:

*Tilboðsupphæð er fundin út sem summa margfeldis magntalna og viðeigandi einingaverða. Ef margföldunar og/eða samlagningarskekkjur finnast í útfylltri tilboðskjali, skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölu tilboðs. Aðeins einingarverð eru bindandi.*

**Sveitarfélagið mun leggja fram kostnaðaráætlun við opnun tilboða. Sveitarfélagið áskilur sér rétt að hafna öllum tilboðum sem eru 15% hærri en kostnaðaráætlunin og eða ef aðrir skilmálar þess eru ekki uppfylltir.**